

Ed. **139. Frumvarp til laga** [108. mál]

um breyting á lögum nr. 19 10. maí 1965, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Flm.: Benóný Arnórsson.

1. gr.

3. málsg. A-liðar 7. gr. laganna orðist svo:

Húsnæðismálastjórn getur veitt sveitarfélögum, Öryrkjabandalagi Íslands og elliheimilum lán til byggingar leiguhúsnæðis í kaupstöðum og kauptúnum. Enn fremur getur hún veitt lán til einstakra sveitarfélaga utan kaupstaða og kauptúna, þar sem svo er ástatt, að þéttbýliskjarnar hafa myndast eða talið er æskilegt að myndist í sambandi við atvinnufyrirtæki eða menntasetur, en óvissir endursölumöguleikar íbúða hindra eðlilega byggingastarfsemi að mati sveitarstjórnar. Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um slíkar leiguíbúðir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að sveitarfélög þau, þar sem þéttbýliskjarnar eru að myndast, eða er talið æskilegt að myndist, geti gerzt aðilar að lánnum húsnæðismálastjórnar og byggt leiguhúsnæði handa því fólki, er setjast vill að á slíkum stöðum, en treystir sér ekki til að ráðast í íbúðarbyggingu sökum óvissra endursölumöguleika og meðan festa er að komast í atvinnu- og athafnalíf slíkra staða. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þéttbýliskjarnar hafa myndast og eru að myndast víða í sveitum landsins, og á þetta frumvarp að stuðla að þeirri þróun, enda mjög æskilegt, eins og nú hagar til í þjóðfélaginu.